

### 33. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

**Haldinn í Ármúla 13, föstudagur, 9. október 2025, kl. 08.45-10.15**

#### Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Björn Ragnarsson (TEAMS), Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Elísabet Sveinsdóttir

**Fundargerð ritaði:** Inga Hlín Pálsdóttir

#### Dagskrá:

- 1. Fundargerð 32. fundar 5. september 2025**  
Samþykkt og undirrituð.
- 2. Stjórn skiptir milli sín verkum (til staðfestingar)**  
Stjórn skipti á milli sín verkum og verður Kristinn Jón Ólafsson formaður stjórnar og Rannveig Grétarsdóttir, varaformaður.
- 3. Gagnlegar upplýsingar fyrir stjórn og vinnufundur í vor (til upplýsinga)**  
Farið yfir hvernig verkum hefur verið háttað hingað til s.s. starfsreglur stjórnar og fundartímar. Ásamt því að farið var yfir gögn frá vinnufundi stjórnar frá því í vor og rifjað upp þær áherslur sem voru lagðar á þeim fundi.
- 4. Yfirlit yfir stöðu og rekstur (til upplýsinga)**  
Samningur sveitarfélaga og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins hefur verið samþykktur í öllum sveitarfélögum og af stjórn SSH. Gert ráð fyrir undirritun um miðjan nóvember. Sagt frá frábærum árangri í SDG Indexinum þar sem höfuðborgarsvæðið fer úr 17. sæti í 10. sæti fram úr væntingum. Vel hefur gengið að fá fleiri aðildarfélaga í haust m.a. veitingastaði. Ný uppfærsla af visitreykjavik.is komin í loftið ásamt Helgu AI. Vestnorden gekk vel ásamt FAM ferð. Mikið í gangi í haust hvað varðar áhrifavalda – og blaðamannaferðir í samstarfi við m.a. Icelandair. Rætt um tjaldsvæðin og opinn fund og óskað eftir því að ýta því verkefni áfram. Ferðakjarnavinna er m.a. í gangi í Kópavogi og Seltjarnarnesi. Aðgerðaráætlun í tengslum við almyrkvann er í vinnslu.
- 5. Önnur mál**  
Vangaveltur um stöðu leigubíla í Reykjavík.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.15.**